

## **Að mæta þörfum ólíkra nemenda Spurningar og svör foreldra vegna einstaklingsmiðunar í skólastarfi.**

### **Hvað þýðir það að beita einstaklingsmiðuðum kennsluháttum?**

Nemendur eru ólíkir að námsgetu og einnig er mismunandi hversu reiðubúnir þeir eru að takast á við námið, þeim henta mismunandi námsaðstæður og áhugi þeirra er mismunandi. Þegar kennari beitir einstaklingsmiðuðum kennsluháttum þýðir það að hann viðurkennir þennan mismun og skipuleggur skólastarfið þannig að hver og einn nemandi nái hámarksárangri. Allir nemendur fá ögrandi og krefjandi verkefni og þann stuðning sem þeir þurfa til að vaxa sem námsmenn. Kennarinn setur nemendur í mismunandi hópa allt eftir námsmarkmiðum verkefna hverju sinni svo að hægt sé að koma til móts við ólíka námsgetu, ólíkan áhuga og námsstíl.

### **Hvernig metur kennarinn hvernig og hvenær er best að beita einstaklingsmiðuðum kennsluháttum?**

Próf, kannanir, gátlistar og greiningar eru nauðsynleg hjálpartæki til þess að meta námslega stöðu hvers og eins en gefa samt sem áður ekki nægjanlega skýra mynd. Því metur kennarinn vinnu nemenda (verkmöppur, vinnubækur, verkefnablöð, áætlanir ofl.), framkomu í ólíkum aðstæðum, samtöl þeirra um nám og hvernig þeir orða hugsun sína.

### **Hvaða dæmi um einstaklingsmiðun er líklegt að ég sjái?**

Skýrasta dæmið er þegar þú heyrir að barnið þitt sé ekki alltaf í sama námshópnum og að nemendur hafi ólík verkefni. Börnin eiga að upplifa að námið gerir kröfur til þeirra en sé um leið skemmtilegt. Stundum er erfitt fyrir foreldra að skynja að um einstaklingsmiðun sé að ræða. Foreldrar sjá og heyra frá þeim verkefnum sem þeirra eigið barn er að glíma við og vita ef til vill ekki hvað ræður vali kennarans á þeim. Besta leiðin er að spyrja kennarann hvernig hann beiti einstaklingsmiðun. Kennarinn mun skýra út hvernig hann velur einstök verkefni út frá mati sínu á námslegri stöðu barnsins þíns.

### **Hvernig veit ég að einstaklingsmiðun geri barni mínu gott?**

Þar sem að öll börn eru einstök er ekki til neinn algildur mælikvarði um gæði og árangur. Samræmd próf eru til dæmis aðeins einn mælikvarði á námsárangur. Skoðuðu verkmöppuna (portfolio) til þess að fylgjast með því hvernig barnið þitt vex í námi. Besti mælikvarðinn er hins vegar líðan og viðhorf barnsins þín. Ef það finnur að það þarf að leggja á sig í náminu, er ekki þrúgað af streitu og finnst oftast gaman að fara í skólann – þá veistu að gengið er til góðs.

### **Hvaða væntingar get ég haft til kennara barnsins?**

Þú átt að hafa þær væntingar til kennarans að hann þekki barnið þitt og noti þá þekkingu til þess að sjá til þess að barnið fái verkefni við hæfi. Þú getur ekki vænst þess að kennarinn útbúi einstaklingsnámskrá fyrir hvern og einn nemanda í bekknum. Kennarinn er alltaf að vinna með einstaklinga sem eru hluti af heild (einstaklingur – hópur – bekkur) og æskilegt að hann skipuleggi vinnu sína samkvæmt því. Kennarar eru ólíkir og sérfræðipækning þeirra er mismunandi. Það er ekki hægt að ætlast til þess að allir kennarar verði sjálfkrafa sérfræðingar í einstaklingsmiðun en til þess er ætlast að þeir vaxi sem fagmenn hópi samstarfsmanna.

### **Hvert er hlutverk mitt sem foreldri?**

Foreldrar þekkja barnið sitt manna best. Kennarinn á enga möguleika að kynnast nemendum sínum eins vel og foreldrar gera. Kennarinn sér hins vegar sjónarhorn sem foreldrar sjá ekki alltaf, þ.e. hvernig barnið er við nám og starf í hópi jafningja. Fæstir foreldrar eru kennslufræðingar. Jafnvel þeir sem eru menntaðir sem slíkir eiga erfitt með að meta barnið sitt með hliðsjón af stöðu hópsins. Fæstir foreldrar þekkja aðalnámskrá eða hafa yfirlit yfir það námsefni sem börnunum stendur til boða – og ekki er til þess ætlast. Foreldrar eiga hins vegar að fylgjast náið með námsframvindu barna sinna, gefa námi þess tíma, hvetja barnið áfram, sýna áhuga, tala jákvætt um skóla og skólastarf við barnið og spyrja viðeigandi spurninga (hver spurning á sinn stað og stund). Um leið og foreldrar eiga að ala önn fyrir eigin barni er mikilvægt að þeir virði það að kennarinn þarf einnig tíma til þess að sinna þörfum annarra barna og foreldra.